



Stofnfundur félags fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, Kvasis, á Selfossi 31. maí 2000.

- Dagskrá:
1. Stofnun samtaka símenntunarmiðstöðva. Framsaga Skúli Thoroddsen.
 2. Samstarf símenntunarmiðstöðvanna. Framsaga Björg Árnadóttir.
 3. Fjármál símenntunarmiðstöðva. Framsaga Jón Hjartarson.
 4. Nafnlaus könnun á launakjörum. Framsaga Emil Björnsson.
 5. Kynning á Námu, fræðslustjórnunarkerfi.
 6. Stjórnarkjör
 7. Önnur mál

Mætt til fundar voru: Inga Bára Þórðardóttir frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Iðunn Antonsdóttir Símenntunarmiðstöð Þingeyinga, Emil Björnsson Fræðsluneti Austurlands, Skúli Thoroddsen Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Björg Árnadóttir Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Jón Hjartarson Fræðslumiðstöð Suðurlands, Katrín Dóra Þorsteinsdóttir og Baldur Dýrfjörð frá Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar og Anna Kristín Gunnarsdóttir frá Farskóla Norðurlands vestra – miðstöð símenntunar.

Jón Hjartarson, framkvæmdastjóri Fræðslunets Suðurlands setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna til fundar á Selfossi. Afhenti hann síðan Iðunni Antonsdóttir, framkvæmdastjóra Símenntunarmiðstöðvar Þingeyinga, fundarstjórn. Þá var gengið til dagskrár.

1. Skúli Thoroddsen kynnti aðdraganda að stofnun samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landinu. Ákveðið hefði verið á fundi forstöðumanna þeirra í Svartsengi þann 6. mars að stofna til samtaka en sameiginlegir hagsmunir og mikilvægi samvinnu væru veigamikil rök fyrir því.
Lögð voru fram drög að samþykktum ásamt tillögu að nafni á samtökin. Lagði Skúli til að samtökin nefndust Kvasir. Kvasir er nafn úr goðafræðinni og var hann maður alvitur er kundi svör við öllum spurningum. Fundarmenn lýstu sig samþykka nafngiftinni.
Aðilar að samtökunum eru fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni. Skúli fór yfir drög að samþykktum, lið fyrir lið. Skúli kvað símenntunarmiðstöðvarnar hafa tækifæri til að skapa sér sess í menntakerfi þjóðarinnar og væru þær sterkari saman í þeirri viðleitni en hver fyrir sig.
Fundarstjóri gaf nú orðið laust um samþykktirnar og nafn á félagið.
Emil Björnsson lagði til að heimili og varnarþing fylgdi formanni hverju sinni og auk þess nokkrar minni háttar breytingar á texta og orðavali. Jafnframt benti hann á að grein um árgjald vantaði.
Björg Árnadóttir taldi þörf á skilgreiningu á “miðstöð”, þ.e. miðlunarstaður.
Fundarstjóri bar nú samþykktirnar upp til atkvæða, lið fyrir lið, og voru þær samþykktar einróma. Þá var tillaga að nafni borin undir atkvæði og samþykkt einróma.

Sími:	Bréfsími:	Kennitala:	Heimilisfang:
453 6800	453 6794	460993-2379	Bóknámshúsinu 550

Sauðárkrókur



Fundarstjóri lagði til breytingu á dagskrá, þar sem fulltrúar Tölvumóta voru mættir á fundinn og var samþykkt að þeirra liður færðist fram á dagskránni.

2. Sigurður Arnarson frá Tölvumót ehf. kynnti forritið Námu, fræðslustjórnunarkerfi fyrir símenntunarmiðstöðvar. Náma er byggð á Access gagnagrunni og er skráning, skirteini, gerð reikninga, yfirlit um nám einstaklinga, fjölda og tegundir námskeið, ásamt fleiru, allt í sama forritinu. Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi og Fræðslumiðstöð Vestfjarða hafa þegar tekið forritið í notkun.
3. Jón Hjartarson flutti erindi um fjármál miðstöðvanna. Taldi hann tekjur þeirra einkum vera af þrennum toga:
 - a. Þjónustusamninga við menntamálaráðuneytið vegna þjónustu við fjarkennslu háskóla og framhaldsskóla.
 - b. Eigin tekjuöflun vegna sölu námskeiða, námskeiðsgjöld o.fl.
 - c. Tilfallandi styrkir, t.d. frá sveitarfélögum.
 - a. Taldi Jón nauðsynlegt að sú þjónusta sem veita ætti yrði skilgreind og kostnaðarmentin. Nauðsynlegt væri að aðgreina þjónustusamninginn alveg frá öðrum þáttum, eins og t.d. umsóknum um fjárframlag á byggðaforsendum.
 - b. Sala námskeiða er ein af undirstöðum símenntunarmiðstöðvanna og taldi Jón kennslu og námsgögn leggja sig á 8-10.00,- þúsund krónur á kennslustund.
 - c. Tilfallandi styrkir væru einkum styrkir frá sveitarfélögum, styrkir frá öðrum styrktaraðilum og önnur fjárframlög hins opinbera á grundvelli byggðasjónarmiða.Allir þessir styrkir væru tíma- eða verkefnabundnir og varasamt að treysta á þá til að byggja reksturinn á til lengri tíma.

Önnur framlög hins opinbera. Hér væri um óplægðan akur að ræða en alkunna væri að símenntunarmiðstöðvarnar væru allar sprottnar uppúr þeirri kenningu að aukið framboð á menntun væri öflugt tæki í byggðapróun. En til þess að það tæki virki verða miðstöðvarnar að hafa starfsgrundvöll. Eðlilegt væri að Byggðastofnun kæmi hér til skjalanna og mótaði reglur til beins fjárstuðnings við símenntunarmiðstöðvar landsbyggðarinnar. Rétt væri að setja á fót þriggja manna nefnd sem óskaði eftir viðræðum við stjórn Byggðastofnunar. Reglur yrðu mótaðar og tækju þær m.a. til mismunandi landshátta, byggðastöðu og annarra mikilvægra þátta sem máli skipta.

Mikilvægt væri að ganga skipulega til verks og skilgreina hver sé forsenda þess að fjármunir séu settir til verkefna hjá símenntunarmiðstöðvunum.

4. Samstarf símenntunarmiðstöðvanna. Framsaga Björg Árnadóttir. Frummælandi dreyfði blöðum til fundarmanna og bað þá um að skrifa niður hugmyndir að samstarfsverkefnum. Niðurstöður voru eftirfarandi:

Sími:	Bréfsími:	Kennitala:	Heimilisfang:
453 6800	453 6794	460993-2379	Bóknámshúsinu 550

Sauðárkrókur



Fjarkennsla:

samvinna um þróun fjarkennslu
fjarfundabúnaður
símamál í víðum skilningi
unnið með fjarkennsluvinnu í allar áttir
gjaldskrá vegna símkostnaðar við háskólakennslu

Símenntun:

símenntun stjórnenda símenntunarmiðstöðva
endurmenntun og námsferðir forstöðumanna
námskeið fyrir starfsmenn símenntunarmiðstöðva

Samvinna um námskeiðshald:

sameiginlegt námskeiðshald
sameiginlegt námsframboð
sameiginleg námskeið fyrir sérhæfða hópa
stofna nefnd sem undirbýr frekari framgang þessa máls

Fjármál:

samningar við ríki, sveitarfélög og stéttarfélög.

5. Könnun á launakjörum. Emil Björnsson.
Gerð var skrifleg, nafnlaus könnun á launakjörum stjórnenda miðstöðvanna. Emil Björnsson mun vinna úr könnuninni og kynna fundarmönnum síðar.
6. Stjórnarkjör. Tillaga kom fram um að fyrstu stjórn skipuðu Emil Björnsson, Skúli Thoroddsen og Iðunn Antonsdóttir og var hún samþykkt. Stjórnin skiptir með sér verkum.
7. Önnur mál:
 - a. Skúli las bréf frá Íslenskri miðlun hf. þar sem lýst var vilja Íslenskrar miðlunar og Skýrr hf. til samstarfs við símenntunarmiðstöðvarnar.
 - b. Iðunn bauð til næsta fundar símenntunarmiðstöðvanna á Kópaskeri og var samþykkt að haustfundur yrði þar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl.17.00

Anna Kristín Gunnarsdóttir ritari.

Símanúmer:	Bréfsími:	Kennitala:	Heimilisfang:
453 6800	453 6794	460993-2379	Bóknámshúsinu 550

Sauðárkrókur



Farskóli Norðurlands vestra – miðstöð símenntunar

Sími:

453 6800

Bréfsími:

453 6794

Kennitala:

460993-2379

Heimilisfang:

Bóknámshúsinu
550

Sauðárkrókur